

**Ed.**

**302. Nefndarálit**

**[103. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til meðferðar, en ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn (SE, GTh, SÓÓ, GeirG) er því mótfallinn, að frv. nái fram að ganga. Undirritaður leggur hins vegar til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands er nú algerlega húsnæðislaus. Í ráði er að byggja hús fyrir hann hér í Reykjavík, sem áætlað er að muni kosta 3 millj. króna. Á Akureyri er til nýlegt og vandað skólahús, sem ekki er notað, en telja má víst að mundi henta vel fyrir þennan skóla. Þegar þess er gætt, að önnur skilyrði til slíks skólahalds þar eru fyrir hendi, svo sem landrými, margvísleg kennslutæki og gnægð vel menntaðra kennara, en hins vegar engin fullnægjandi rök fyrir því, að skóli þessi geti hvergi starfað, svo að viðunandi sé, nema í Reykjavík, þykir mér allt mæla með því, að fyrrnefnt skólahús á Akureyri verði tekið til afnota fyrir þennan skóla. Væri þá unnt að verja þeim milljónum króna, sem ný skólabygging kostar, til annarra gagnlegra hluta. Til slíks er opin leið, ef frv. þetta verður samþykkt.

Alþingi, 28. febr. 1957.

Friðjón Skarphéðinsson.